RE: Göngu/hjólastígur

Til	:	Halldór Ásgrímur Ingólfsson;Berglind Guðmundsdóttir
Frá	:	sorli@sorli.is
CC	:	Helga Stefánsdóttir
Heiti	:	RE: Göngu/hjólastígur
Málsnúmer	:	1704460
Málsaðili	:	Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags	:	18.06.2018 15:52:23
Höfundur	:	sorli@sorli.is

Sæll

Rökstuðningur fyrir því að taka malbik úr hjólastíg.

1. Malbiki fylgir alltaf ákveðin hætta fyrir hesta að þeir renni til, með þeim afleiðingum að þeir geta tognað eða dottið. Einnig verða þeir óöruggir með sig sem er óheppilegt fyrir knapa sem eru ekki mikið vanir. Okkur þykir því óþarfi að bæta á áhættuna með öðru, og að okkar mati ónaðsynlegu malbiki til að fara yfir.

2. Hjólastígurinn við Hlíðarþúfur er á svæði hestamannafélagsins. Á þessu svæði eiga hestar umferðarréttinn og með því að hafa ekki malbik í stígnum þar sem þeir fara, undirstrikar það þeirra rétt. Sbr. aðra hjóla- og reiðstíga sem má sá víða í Víðidalnum. Þar er ekki malbik þar sem hjólastígur þverar reiðstíg.

3. Að taka malbikið úr þar sem þverun er hægir alveg örugglega á reiðhjólum.

Þessu til viðbótar þá er rétt að nefna að mikill taugatitringur og óánæga hefur verið í hestamönnum sem eru í Hlíðarþúfum og myndi þessi lausn sætta og friða óænægjuraddir ef fólk sér að bærinn tekur tillit til hestamanna í þessu verkefni.

Bestu kveðjur,
Þórunn Ansnes, framkvæmdastjóri
Hestamannafélagið Sörli
s. 565 2919 gsm. 897 2919

From: Halldór Ásgrímur Ingólfsson [mailto:Halldor@hafnarfjordur.is]
Sent: 18. júní 2018 14:07
To: Hestamannafélagið Sörli; Berglind Guðmundsdóttir
Cc: Helga Stefánsdóttir
Subject: RE: Göngu/hjólastígur

Sæl Þórunn
Við þurfum að taka þetta upp hér á efri stigum. Getur þú sent á mig ástæðu hvers vegna þarf að taka malbik, aðallega til að upplýsa okkur hver er hættan sem getur skapast.

Kveðja
Halldór Ingólfsson byggingatæknifræðingur
Verkefnastjóri framkvæmda og rekstradeildar
S: 664-5654
Umhverfis- og skipulagsþjónusta, Hafnarfjarðar
Norðurhellu 2, 221 Hafnarfirði

S:585-5500

From: Hestamannafélagið Sörli
Sent: mánudagur, 18. júní 2018 08:27
To: Halldór Ásgrímur Ingólfsson ; Berglind Guðmundsdóttir
Subject: Göngu/hjólastígur

Komið þið sæl

Á fundi sem forsvarsmenn Sörla áttu með ykkur síðastliðið haust lögðum við mikla áherslu á að ekki væri malbik þar sem reiðleið þverar hjólastíg. Einnig átti ég símtal við Halldór nú í vor áður en malbiksframkvæmdir hófust þar sem að ég lagði áherslu á þessa beiðni okkar. Þar sem að hestar þurfa að fara yfir malbik eykur verulega slysahættu, þetta tel ég að hafi komið fram á fundi okkar í haust. Á öllum þeim stöðum sem við höfum skoðað á höfuðborgarsvæðinu þar sem hjólastígar þvera reiðgötur er tekið úr malbiki.

Við förum eindregið fram á að þetta verði lagfært við Hlíðarþúfur hið snarasta og að tekið verði tillit til öryggis hestamanna og þeirra barna sem eiga leið þarna um. Þetta er jú eina leiðin úr Hlíðarþúfum á reiðgötur og að Sörlastöðum.

Bestu kveðjur,
Þórunn Ansnes, framkvæmdastjóri
Hestamannafélagið Sörli
s. 565 2919 gsm. 897 2919

FYRIRVARI / DISCLAIMER